

Ný-útkomið í A. deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing frá ráðgjafanum fyrir Ísland um að bólu sótt gangi í Lissabon og gula sóttin á eyjunni Palma o. s. frv., dags. 16. apríl 1889 (A. nr. 2, bls. 4—5).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um áreið **45**
 á svonefndan Almennung á Skagaheiði og kostnað við áreiðargjörðina. — Í erindi, 18. marz
 er jeg meðtók 22. nóvbr. f. á., en dagsett er 5. maí s. á. hefur hreppsnefndin í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu borið sig upp undan því að sýslunefndin í Húnavatnssýslu og amtsráðið í norður og austuramtinu hafa ályktað að sveitarsjóður Vindhælishrepps skuli greiða kostnað, að því leyti er Húnavatnssýslu snertir, við áreið á svonefndan Almennung á Skagaheiði, sem framför sumarið 1885, að tilhlutun sýslunefndanna í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu til þess að ákveða takmörk Almenningsins á allar hliðar og sömuleiðis sýsluskilin milli nefndra sýslna, og fer hreppsnefndin fram á það, að jeg felli áminnstar ályktanir sýslunefndar og amtsráðs úr gildi sem ólögmætar. Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 23. janúar þ. á. hefi jeg síðan meðtekið umsögn yðar um nefnt erindi og þau skjöl málinu viðvíkjandi, er þjer hafið álitid við þurfa því til skýringar.

Á fundi sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu 23. febrúar 1885 ályktaði sýslunefnd þessi eptir uppástungu sýslunefndarmannsins úr Vindhælishreppi að gjörð skyldi áreið á svo nefndan Almennung á Skagaheiði, sem liggur á sýslutakmörkum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna og er hafður til uppreksturs bæði úr Vindhælishreppi og úr Skefilsstaðahreppi (Skagafjarðarsýslumegin). Virðist áreiðin af sýslunefndinni hafa verið álitin nauðsyuleg til að fullnægja fyrir mælum landamerkjaganna, og átti því með henni að ákveða takmörk Almenningsins og aðliggjandi jarða báðum megin, en sumpart átti með áreiðinni að ákveða sýsluskilin á heidinni. Skyldu oddvitar beggja sýslunefndanna, í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, nefna menn til áreiðarinnar, 3 menn hvor, og skyldu af áreiðarmönnum úr Húnavatnssýslu 2 vera úr Vindhælishreppi en 1 utanhrepps, og allur kostnaðurinn við áreiðina skyldi, hvað Húnavatnssýslu snerti, greiðast úr sveitarsjóði Vindhælishrepps. Eptir að áreiðarmenn samkvæmt þessu höfðu verið útnefndir af hlutadeigandi sýslumönnum, að því er virðist á manntalsþingum vorid eptir, og án nokkurrar tilhlutunar af hálfu hreppsnefndarinnar, fór áreiðin á heidina fram í júlí 1885, en þegar sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu síðan sendi hreppsnefnd Vindhælishrepps reikningana yfir kostnaðinn af áreiðinni «til þess hún segði álit sitt um þá» þá lýsti hreppsnefndin því yfir á fundi 8. jan. 1886 að sjer væri málið óviðkomandi, þaræð áreiðin hefði verið gjörð án hennar samþykkis eða álits, en þar sem áreiðin myndi hafa verið gjörð til að ákveða sýsluskilin virtist það sennilegast að sýslusjóðurinn bæri kostnaðinn af henni. Eptir að sýslunefndin hafði síðar á fundi 22. febrúar 1886 lagt fyrir hreppsnefndina af nýju að greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði, skaut hreppsnefnin málinu til amtsráðsúrskurðar og krafðist þess að ályktun sýslunefndarinnar hjer að lútandi yrði felld úr gildi, eða ef það fengist ekki, að þá yrðu reikningar áreiðarmannanna færðir niður, en til stuðnings aðalkröfu sinni tók hreppsnefndin það fram, auk þess sem fram komið hafði á fundi hennar 8. jan. 1886 og áður um getur, að almennungurinn væri eingöngu í sameign þeirra, er ættu jarðir að honum, en að talsverður hluti sveitarinnar ætti engin lönd að honum og enga heimild til að hagnýta sjer hann. Amtsráðið lagði síðan þann

1. dag maímán. 1889.

45 úrskurð á málið á fundi sínum í júnímánuði 1887, að ákvörðun sýslunefndarinnar í
 18. marz Húnavatnssýslu skyldi standa óröskuð að því leyti að áreiðarkostnaðinn skyldi greiða úr sveitarsjóði Vindhælishrepps, og virðist svo sem þjer, herra amtmaður í áðurnefndu brjefi yðar viljið einkanlega styðja þennan úrskurð með því, að hinn umræddi almenningur sje eign Vindhælishrepps alls til móts við Skefilsstaðahrepp, en eigi að eins einstakra jarða í honum, og að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi óbeinlínis samþykkt áreiðina, með því að fara fram á það við amtsráðið, að áreiðarkostnaðurinn væri færður niður.

Jeg get nú ekki fallist á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi á neinn hátt samþykkt áreiðina eða áreiðarkostnaðinn fyrir hönd sveitarsjóðsins, því slíkt samþykki verður hvorki leitt af því atviki, að sýslunefndarmaðurinn úr Vindhælishreppi bar málið upp á sýslufundi Húnavatnssýslu 23. febrúar 1885 nje af því, að hreppsnefndin fór til vara fram á það við amtsráðið að það færði niður áreiðarkostnaðarreikningana, enda hefur hreppsnefndin engin afskipti haft af áreiðinni. En þar sem málið liggur þannig fyrir, verð jeg að vera amtsráðinu samdóma um, sbr. brjef yðar til sýslumannsins í Húnavatnssýslu dagsett 18. júní 1887, að sýslunefndina hafi með öllu brostið heimild til, hvort sem optnefndur almenningur er eign einstakra jarða í Vindhælishreppi eða hreppsins alls, að hlutast til um áreið á merki á almenningnum og til að leggja kostnað af slíkri áreið á hreppssjóð. Skulu því hjerumræddar ályktanir amtráðs og sýslunefndar, að því leyti sem þeim er áfrýjað, úr gildi felldar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

46 Brjef landshöfðingja til biskupsins um skiptingu bráðabirgðaruppbótar til fá-
 19. marz tækra prestakalla. — Samkvæmt tillögum yðar háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, vil jeg hjer með fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðaruppbót sú, fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Staður í Grindavík	300 kr.
2. Staður í Aðalvík	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi	300 —
4. Miðgarður í Grímsey	400 —
5. Höfði	100 —
6. Lundarbrekka	300 —
7. Sauðlauksdalur	250 —
8. Skarðsþing	250 —
9. Stafafell í Lóni	200 —
	2700 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði á venjulegan hátt.

47 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þókn-
 20. marz un fyrir ritföng hreppstjóra. — Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi í Eyjarfjarðarsýslu